

13.1.2014

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/838**  
**komudagur 13.1.2014**

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fékk til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, tillögu til þingsályktunar um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál. Í framhaldi af þingsályktunartillögunni leyfi ég mér að senda umhverfis- og samgöngunefnd samþykkt 47. aðalfundar SSA sem haldinn var í Fjarðabyggð dagana 13. og 14. september sl. um fjarskiptamál.

*„Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 fagnar því framtaki Símans að tengja bæjarfélög á Austurlandi ljósnetinu. Fundurinn telur mikilvægt að við slíka framkvæmd verði allir þéttbýliskjarnar á Austurlandi stórir sem smáir tengdir ljósnetinu í átaki Símans og dreifbýlum svæðum sinnt á sama máta og þéttbýli varðandi möguleika á háhraðatengingum. Fundurinn leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur.“*

**Með bestu kveðju**



**Ólafur Áki Ragnarsson**

Fulltrúi sveitarstjórnarmála

Sími: 470-3870 / 893 6434

[www.austurbru.is](http://www.austurbru.is)